

September

Í september höfum við verið að kynna hvort öðru á deildinni, læra og rifja upp reglur Krógabóls. Í vettvangferðunum fórum við og lékum á útisvæðinu við Síðuskóla, á Álfhól og á leikvellinginum sem stendur við Bröttuhlíð. Í síðustu vettvangsferð tíndu börnin laufblöð til að nota í listasmiðjunni. Við fórum 3x í íþróttasalinn í Síðuskóla og munum halda því áfram í vetur, s.s. fara alltaf á miðvikudögum en þar sem verið er að skipta um gólf í íþróttahúsinu falla þessir tímar niður þar til um miðjan október. Við fórum líka í listasmiðjuna á miðvikudögum í september og er bæði verið að vinna sjálfmyndir og verið að byrja á laufblaðamyndum.